

Starfsáætlun Náttúruleikskólans Krakkakots skólaárið 2015-2016

Helstu verkefni og áherslur	Ábyrgð	Hvernig metið?	Verklök
Uppeldis og agastefnan „Uppeldi til ábyrgðar“ þróuð enn frekar inni á deildum. Yngri deildir meiri þátttakendur en verið hefur. Fleiri verkfærum bætt í verkfærakistuna. Hvernig við mætum þörfum barna út frá þarfahring uppbyggingastefnunnar; öryggi, ást og umhyggju, frelsi, gleði og áhrifum.	Leikskólast. Deildastjórar	Rýnihópar Foreldrasamtöl Starfsmannasamtöl	Aldrei lokið metið í apríl mars febrúar
Námsöguskráningum haldið áfram og festar í sessi. Markmið að skrifa 3 námsögur yfir skólaárið.	Allt starfsfólk	Stöðugt mat á deildar- og starfsmannafundum. Foreldrasamtöl. Rýnihópar barna	apríl mars maí
Unnið að þeim markmiðum sem náðst hafa í Grænfánavinnunni í lok skólaárs skulu sett ný markmið að vinnu með Grænfánann og stefnt að því að flagga í fimmta sinn vorið 2017.	Allt starfsfólk	Grænfánaskýrsla, umhverfisnefnd, rýnihópar.	janúar febrúar
Nám og leikur samofin öllu starfi skólans jafnt í daglegum athöfnum og leik. Leikurinn auðgaður með ígrunduðum efniviði og leikefni.	Allt starfsfólk	Rýnihópar. Foreldrasamtöl Rýnihópar barna.	febrúar mars
Verkefnið „Lesmál“ fest enn frekar í sessi. Markvissar lestrarstundir þar sem farið er eftir ákveðnu ferli við lestur bókarinnar. Orðaforði aukinn markvisst. Foreldrar hvattir til að auka lestur með börnum sínum og búin til bókaormur á öllum deildum.	Allt starfsfólk	Rýnihópar Foreldrasamtöl Hljóm-2	apríl mars október
Áfram stuðlað að öflugu og góðu samstarfi milli leikskóla	Leikskólast.	Rýnihópur tengiliðs grunnskóla og	maí

Starfsáætlun Náttúruleikskólans Krakkakots skólaárið 2015-2016

og grunnskóla samkvæmt samstarfssamningi. Foreldrar og börn m.a. fengin til að meta samstarfið. Upplýsingagjöf á milli skólastiga endurskoðuð með tilliti til hvernig grunnskólin nýtir þá upplýsingagjöf sem var með nýju sniði 2015.	Deildastjórar eldri deilda.	deildastjóra Krakkakots og Holtakots	maí
Halda áfram að finna fjölbreyttar leiðir til að meta skólastarfið, með þátttöku allra sem að skólanum koma. Þátttaka barna aukin. Fjölbreytt matstæki, myndir, spurningar og opin umræða í barnahópnum. Markmið okkar frá því í fyrra náðust ekki að öllu leyti og verður því haldið áfram með þá vinnu aðallega út frá þátttöku barna í mati á skólastarfi.	Leikskólast. Deildastjórar	Með fjölbreyttum matstækjum þar sem tekið er mið af aldri og þroska barna.	júní

Starfsáætlun Náttúruleikskólans Krakkakots skólaárið 2015-2016

Foreldrasamstarf	Ábyrgð	Hvernig metið?	Verklök
Gera foreldrum kleyft að hafa áhrif á nám og líðan barna sinna í skólanum með því að skapa vettvang fyrir foreldra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi leikskólastarfið. Markmið okkar náðust ekki alveg í fyrra og því skal haldið áfram að reyna og bjóða foreldrum til morgunfunda tvisvar á skólaárinu.	Leikskólastjórar Deildastjórar	Könnun meðal foreldra eftir seinni fund.	Nóvember Mars
Vera í góðu og öflugu sambandi við foreldra og halda þeim vel upplýstum um leikskólastarfið með samtölum og með virkri og aðgengilegri heimasíðu og tölvupósti.	Leikskólastjóri deildastjórar	Foreldrafundir Foreldrasamtöl	Sept. Mars
Foreldrafundir að hausti þar sem foreldrar koma fyrst til sameiginleg fundar á sal með leikskólastjóra en fara síðan inná deildir barna sinna og funda með starfsfólki deildanna.	Leikskólastjóri Deildastjórar allra deilda	Metið í lok fundar	Sept.
Foreldraviðtöl að vori þar sem farið er yfir nám og þroska barnsins í leikskólanum og heima. Námsögur hafðar til samræðugrundvallar, sjónum beint að styrkleikum barns og því hvað barnið gerir og getur.	Deildarstjórar allra deilda	Matsblað foreldra eftir foreldrasamtöl	febrúar – mars

Starfsáætlun Náttúruleikskólans Krakkakots skólaárið 2015-2016

Starfsmenn	Ábyrgð	Hvernig metið?	Verklok
Hvetja starfsmenn til enn frekara sjálfstæðis í vinnubrögðum tengdum Uppeldi til ábyrgðar, grænfánanum og námsöguskráningum.	Allt starfsfólk	Starfsmannasamtal og rýnihópar	Á alltaf við Mat í maí
Starfsmenn hvattir til að horfa á leikinn enn frekar sem tækifæri til náms. Hvetja starfsfólk til að vera duglegt að auðga leikinn með ýmiskonar efniviði sem er allt í kringum okkur. Starfsfólk fengið til að rýna í hvert er hlutverk starfsmanna í leik barna og yfirfæra það yfir í starfið með börnunum.	Allt starfsfólk	Rýnihópur starfsmanna að vori	apríl
Halda góðum starfsanda með jákvæðu og vel upplýstu starfsfólki. Starfsfólk öflug liðsheild sem getur gert allt sem vilji er til. Jákvæðni og gleði ríki í starfsmannahópnum.	Leikskólastjóri	Starfsmannasamtal, viðhorfskönnun Skólapúls	Á alltaf við
Stuðlað að tækifærum fyrir starfsmenn að sækja sér endurmenntun og þeir hvattir til að nýta sér þau námskeið sem boðið er uppá t.d. í „Kraganum“. Hvetja starfsfólk til leikskólakennaramenntunar.	Leikskólastjóri	Starfsmannasamtal, viðhorfskönnun Skólapúls	mars
Virkja mannauð og auka sjálfstæði með því að deila út hlutverkum með enn fjölbreyttari hætti en verið hefur.	Leikskólastjórar	Starfsmannasamtal	febrúar á alltaf við
Virk og öflug skemmtinefnd sem stuðlar að félagslegum tengslum starfsmannahópsins utan vinnutíma.	Leikskólastjóri skemmtinefnd	Fjöldi uppákoma, óformlegt mat og starfsmannasamtal	Á alltaf við

Starfsáætlun Náttúruleikskólans Krakkakots skólaárið 2015-2016

Starfsmannasamtöl	Leikskólastjóri deildastjórar	Samantekt starfsmannaviðtala.	mars
-------------------	----------------------------------	-------------------------------	------

Nýbreytni	Ábyrgð	Hvernig metið?	Verklök
Sú nýbreytni að fá foreldrar til að koma meira að leikskólastarfinu haldið áfram þar sem tilteknum markmiðum var ekki alveg náð á síðasta skólaári. Foreldrum boðið á stutta morgunfundi milli kl. 8:15 og 8:45 þar sem einstaka málefni eru tekin fyrir. Þeir foreldra mæta sem hafa áhuga og eitthvað til málanna að leggja. Efni funda sent út með góðum fyrirvara og jafnvel lesefni fyrir fundinn. Einn morgunfundir fyrir jól og einn eftir jól.	Leikskólast.	Foreldrar meta ágæti þessa funda í lok fundar á þar til gerðu eyðublaði.	nóvember 2015 Mars 2016
Þróunarverkefninu „ábyrg notkun spjaldtölva í leikskólastarfi með 1-6 ára börnum“ hrundið af stað og unnið markvisst til vors undir handleiðslu Ingibjargar Jónsdóttur. Foreldrar hvattir til að vera virkir þátttakendur í verkefninu á seinni stigum þess.	Allt starfsfólk Foreldrar	Metið á starfsmannafundi Metið í foreldraviðtölum að vori Lokaskýrsla um verkefnið og kynning fyrir leikskólanefnd	apríl
Þróunarverkefninu „Hugarró nemenda“ hrundið af stað strax að hausti og unnið undir handleiðslu Hrafnhildar og Unnar	Allt Starfsfólk	Metið á starfsmannafundi Metið með foreldraviðtölum að vori Lokaskýrsla um verkefnið og kynning fyrir leikskólanefnd	

Starfsáætlun Náttúruleikskólans Krakkakots skólaárið 2015-2016

Í stað almenns foreldrafundar að hausti verði haldnir foreldrafundir á deildum barnanna að hausti þar sem farið er yfir alla hluti deildastarfsins, hagnýt atriði og nýjungar kynntar. Foreldrar hvattir til að setja börnum sínum skýr mörk og skoða lífsgildi sín og hvernig þau geta sett reglur út frá lífsgildum.	Deildastjórar Leikskólastjórar	Metið á deildastjórafundum strax eftir foreldrafund	Október
Deildastjórar taki starfsmannasamtöl við sína starfsmenn	Deildastjórar	Deildastjórar skili mati á starfsmannasamtölum til leikskólastjóra að samtölum loknum	Mars 2016